

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Öflug og jöfn

Verkefnastjóri :

Ásdís Valsdóttir

UMS-114 2013-2014

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Lágafellsskóli

Nafn verkefnis: Öflug og jöfn

Nafn verkefnisstjóra: Ásdís Valsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-114 2013-2014

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Að setja saman og þróa valáfanga fyrir unglingastig í kynja - og jafnréttisfræði.
- Að þar verði jafnréttis og kynjamál skoðuð út frá fjölbreyttum sjónarhornum og fjallað um birtingamyndir kynjaskekkjunnar. Nemendur skoði jafnrétti og mismun á milli kynja á hinum ýmsu stöðum í hinum ýmsu samfélögum og velti fyrir sér stöðu minnihlutahópa.
- Að skoða fyrirfram gefin viðmið, staðalímyndir og kynhlutverk og horfa á hvernig þetta birtist okkur í daglegu lífi t. d í gegnum fjölmiðla. Stiklað verður á stóru í sögu kvennabaráttunnar og kynnt helstu hugtök kynjafræðinnar.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.

Boðið var upp á áfangann í Lágafellsskóla og Varmárskóla á vorönn 2014 og var þetta valáfangi fyrir 9. - 10. bekk. Í Lágafellsskóla voru nemendur 12 í áfanganum, 11 stúlkur, 4 úr 9. bekk og 7. stúlkur úr 10. bekk. Einn drengur úr 10. bekk sat áfangann. Í Varmárskóla voru 19 nemendur sem völdu jafnréttis- og kynjafræði, 16 drengir og 3 stúlkur. Allir voru úr 10. bekk nema 2 drengir úr 9. bekk.

Nemendur skoðuðu jafnrétti og mismun á milli kynja á hinum ýmsu stöðum í samfélaginu og rætt um stöðu minnihlutahópa. Skoðuð voru fyrirfram gefin viðmið, staðalímyndir og kynhlutverk og horft á hvernig þetta birtist okkur í daglegu lífi, svo sem innan fjölskyldunnar,

á vinnumarkaði, í menntakerfinu, stjórnámálum, íþróttum, félagslífi, og í gegnum fjölmiðla. Mikið var stuðst við hina ýmsu miðla s.s. blaðagreinar, myndbönd, auglýsingar og viðtöl svo eitthvað sé nefnt.

Frávik miðað við áætlun verkefnis

Áætlun stóðst að mestu leyti þó svo að einhverjar tilfærslur og breytingar hafi orðið á upphaflegu kennsluáætlun en það er vegna þess að gripin voru tækifæri til umræðu á málefnum líðandi stundar. Í nokkur skipti komu nemendur með eigin ábendingar að umræðuefnum, t.d. vísuðu í greinar af Netinu sem þeir höfðu veitt athygli og vildu ræða frekar.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnis

Hóparnir voru misstórir og var það augljós kostur að kenna minni hóp, umræður og öll vinna fór betur fram. Einnig var það miður hvað kynjahlutföllin voru ójöfn í báðum hópum. Það hefði verið óskandi að fá fram jafnari sýn kynjanna í umræðum.

Ávinningur, mat og niðurstöður.

Í heild sinni gekk verkefnið mjög vel og var almenn ánægja meðal nemenda og okkar. Helsti ávinningur af þessu verkefni er hugarfarsbreyting nemenda sbr. hugleiðingar þeirra hér að neðan. Það að nemendur líti á umhverfi sitt á gagnrýninn og meðvitaðan hátt, t.d. birtingamyndir staðalímynda, hlýtur að teljast jákvætt. Að ósk yfirmanna hefur verið ákveðið að bjóða áfram upp á áfangann sem valáfangi á haustönn og einnig er í skoðun að bjóða framhaldsáfangi á vorönn.

Í lok annar var lagður spurningalisti fyrir nemendur þar sem viðhorf nemenda til jafnréttismála fyrir áfangann skiptist nokkurn veginn í tvo hópa, annars vegar jákvætt og hins vegar höfðu sumir litla skoðun á málinu.

Í lok áfangans finnst öllum nemendum þeir hafa aðra sýn á jafnréttismál en jafnaldrarnir og þykir mörgum viðhorf jafnaldranna vera neikvætt.

Allir sögðu viðhorf sitt til jafnréttismála hafa breyst eftir að hafa setið áfangann.

Enginn nemandi taldi sig hafa fengið nægilega fræðslu um jafnrétti kynjanna/jafnréttismál í námi sínu annars staðar en í þessum áfanga.

Áberandi var hve margir nemendur töldu fagið eiga að vera skyldufag og einnig voru margir á þeirri skoðun að kenna ætti yngstu nemendum grunnskólans um jafnrétti. Jafnframt lýstu margir þeirri skoðun að fagið ætti að vera heilsársfag svo hægt sé að fjalla enn betur um þætti eins og kynhneigð, fötlun, vændi og æskudýrkun.

Nemendur skrifuðu niður hugleiðingar um áfangann í lokin. Hér á eftir fara nokkur dæmi:

... „ Ég verð að viðurkenna að ég valdi ekki þennan áfanga og þegar ég mætti í fyrsta tímum var ég með mikla forsóma fyrir þessu og var búin að ákveða að í þessum tímum yrði bara talað um að konur væru betri en karlar o.s.frv. En þessir tímar kenndu mér heilmikið. Þeir opnuðu fyrir mér augun og sýndu mér að þetta er auðvitað ekkert í lagi. Í dag er ég byrjuð að taka miklu meira eftir hlutunum, eins og í auglýsingum og er ég oft að benda vinkonum mínum á eitthvað sem þær kannski sjá ekki. Mér fannst alltaf rosalega gaman í tímum og fræðandi, því ég heyrði margt og fékk að læra margt sem ég hafði ef til vill ekki hugmynd um áður. Mér finnst að þessir tímar eigi að halda áfram og mér finnst mjög mikilvægt að bæði stelpur og strákar fái að vita hvernig ástandi er og við verðum að opna augun fyrir fólki að þetta er ekki í lagi... ”

... „ Mér finnst bara að allir þurfi að vita hvernig ástandi er, og ég verð að segja að þessir tímar ættu ekki að vera valttímar, heldur barafastir tímar í stundatöflu sem allir nemendur eru skyldugir að mæta í. Því eins og ég segi þá hef ég oft heyrt á göngum skólans, í vinalópnunum og bara út um allt, einhver fáránleg comment á það hvað konur eru annað hvort ömurlegri en karlar og að feministar séu bara einhverjar konur sem hata karlmenn. Þegar ég heyri svona lagað verð ég brjáluð, ég verð svo reið, og ég get sagt það að eftir þessa tíma hjá Ásdísi, myndi ég gera hvað sem er til að gera eitthvað í þessum málum og berja vitið í þá sem vita ekki betur og segja svona um konur. Ég get sagt það að ég er stoltur feministi og ég er tilbúin að gera eitthvað svo allir fái jafnt, hvort sem það eru konur, karlar, börn o.s.frv..... ”

.... „ Mér finnst ég hafa lært mikið í kynjafræði í vetur. Ég hef breyst mikið og er alltaf að standa sjálfa mig að því að taka eftir einhverju sem mér finnst athugasvert. Þegar ég til dæmis horfi á kvikmyndir eða eitthvað þá er ég alltaf að hugsa um eitthvað sem betur mætti fara. Mér finnst án efa að það þyrfti að kenna þetta frá fyrsta bekk, jafnvel alveg niður í leikskóla. Miklu einfaldara námsefni auðvitað, en mér þykir þetta svo mikilvægt, þar sem ég veit að krakkar hugsa svona. Lítil frænka mín til að mynda er fjögurra ára og henni finnst að karlar geti bara lagað hluti, pabbarnir eru þeir sem eru stórir og sterkir, og ég man eftir að ég hugsaði svona sem barn, jafnvel þó ég sé alin upp hjá einstæðri móður sem gerði allt á heimilinu. Ímynd mín í garð tónlistamanna hefur líka breyst. Núna dæmi ég þá oft vegna texta og tónlistamyndbanda, hvort hann þau séu við hæfi, ekki síður en hæfileika til að

syngja. Ég gleypi heldur ekki við öllu sem ég heyri í kringum mig, rökræði það heldur. Mér finnst líka flott hvernig námsefnið var sett upp, en tíminn var að mestu leyti byggður upp þannig að allir töluðu, þá þjálfast maður líka í að tala, færa rök fyrir máli sína og geta tekið gagnrýni, en ekki bara gleypa það sem kennarinn segir manni. Hefði viljað fara meira í önnur réttindamál, eins og rasisma og þannig en ég skil að ekki gafst tími í það, þar sem tímarnir voru bara yfir hálfu önn, sem minnir mig á, að ég myndi ekkert hafa á móti ef ég hefði verið allan veturinn í þessu, hefði bara verið skemmtilegra og við hefðum getað talað um miklu meira. Ég ætla algjörlega að fara í kynjafræði í menntaskóla, og þessir tímar hafa sannfært mig um, og ég veit núna að ég er feministi! :).... “

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnis og helstu niðurstöðum

Spurningalistar voru lagðir fyrir í lok áfanga og afraksturinn af þeim ásamt lokaskýrslu verður kynnt starfsmönnum Lágafellsskóla, Varmárskóla og Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar. Þá verður skýrslan sett á heimasíðu skólanna til upplýsinga fyrir áhugasama foreldra og nemendur.

Dagsetning: 15.09.2014

Ásdís Valsdóttir

Undirskrift verkefnisstjóra

Jóhanna Magnúsdóttir

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla